

**Nd. 367. Frumvarp til laga [141. mál]**  
um þjóðhátíðardag Íslendinga.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

**1. gr.**

17. júní er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Öll vinna er bönnuð þann dag nema óhjákvæmileg störf. Er bæjar- og sveitarstjórnnum um land allt skylt að hafa for-  
göngu um hátíðahöld á þjóðhátíðardaginn og beita sér fyrir því, að dagurinn beri virðulegan og viðeigandi svip.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Um langt skeið hefur 17. júní, fæðingardagur Jóns Sigurðssonar, verið merkis-  
dagur í augum Íslendinga. Öllum þótti fara vel á því, er sá dagur var valinn til  
stofnunar lýðveldis á Þingvöllum 1944. Síðan hefur dagurinn verið hátíðlegur  
haldinn til minningar um lýðveldisstofnunina, og mun eflaust verða svo á ókomn-  
um tímum. Hátíðahöld þennan dag hafa orðið svo almenn, að 17. júní er í vitund  
allra Íslendinga orðinn ótvíræður þjóðhátíðardagur. Hins vegar hefur ekki verið  
um það hirt að gera hann að lögboðnum frídegi. Þess í stað hefur sá háttur verið  
hafður á, að í hvert sinn, er dagurinn nálgast, beinir ríkisstjórnin þeim tilmælum  
til þjóðarinnar, að almenn vinna falli niður þann dag og efnt verði til hátíða-  
halda um land allt. Virðist í alla staði eðlilegast, að 17. júní verði lögboðinn frí-  
dagur og bæjar- og sveitarstjórnnum gert að skyldu að beita sér fyrir hátíða-  
höldum, sem hæfa þjóðhátíðardegi.